

BÓKUN 36**UM STOFNSAMÞYKKT SAMEIGINLEGU EES-ÞINGMANNANEFNDARINNAR***1. gr.*

Sameiginlega EES-þingmannanefndin, stofnuð samkvæmt 95. gr. samningsins, skal skipuð og hún starfa í samræmi við ákvæði samningsins og þessarar stofnsamþykktar.

2. gr.

{¹} Sameiginlegu EES-þingmannanefndina skulu skipa alls tuttugu og fjórir nefndarmenn.

Evrópuþingið og þjóðþing EFTA-ríkjanna skulu tilnefna jafn marga menn til setu í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni.

3. gr.

Sameiginlega EES-þingmannanefndin skal kjósa sér formann og varaformann úr röðum nefndarmanna. Evrópuþingið og þjóðþing EFTA-ríkis skulu til skiptis tilnefna formann nefndarinnar til eins árs í senn.

Nefndin skipar sér forsætisnefnd.

4. gr.

Sameiginlega EES-þingmannanefndin skal halda almenna nefndarfundi tvisvar á ári í Bandalaginu og EFTA-ríki á víxl. Nefndin ákveður á hverjum fundi fyrir sig hvar næsti almenni nefndarfundur verður haldinn. Heimilt er að halda sérstaka fundi með ákvörðun nefndarinnar eða forsætisnefndar hennar í samræmi við starfsreglur nefndarinnar.

5. gr.

Sameiginlega EES-þingmannanefndin skal samþykkja starfsreglur sínar með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða nefndarmanna.

6. gr.

Kostnaður sá er fylgir þátttöku í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni skal greiddur af því þjóðþingi sem tilnefnir aðila í nefndina.

{¹} Fyrstu málsgrein var skipt út með EES-stækkunarsamningnum frá 2004 (Stjttíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 2 og EES-viðbætir nr. 23, 29.4.2004, bls. 1), gildistaka 1.5.2004.